

Nefndasvið Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2005.

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um breytingu á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar. Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006. Þskj. 294 - 279. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp, sem felur í sér tillögur að breytingum á barnalögum nr. 76/2003, lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 og hjúskaparlögum nr. 31/1993, til skoðunar. Umsögn laganefndar takmarkast við eftirfarandi ábendingu:

Í 1. gr. frumvarps til breytinga á barnalögum er lagt til að sameiginleg forsjá með barni verði meginregla við skilnað að borði og sæng, lögskilnað og slit skráðrar sambúðar. Af breytingunni leiðir að foreldrar þurfa ekki að gera sérstakan samning um sameiginlega forsjá eins og mælt er fyrir um í gildandi löggjöf. Nóg er að annað fyrirkomulag sé ekki ákveðið.

Það er ríkjandi lagasjónarmið við stefnumörkun á sviði barnaréttar, svo og við túlkun löggjafar á því sviði, að hagsmunir barns skuli ávallt hafðir að leiðarljósi. Að mati laganefndar er vert að benda á, að hætt kann að vera við því, verði breytingin að lögum, að börn hafni í sameiginlegri forsjá foreldra án þess að foreldrarnir hafi í raun komist að sameiginlegri niðurstöðu um, að það fyrirkomulag sé barninu fyrir bestu. Foreldrarnir hafi þess í stað komið sér hjá því að ákveða hvort þeirra skuli fara með forsjána. Á fundi laganefndar þar sem mál þetta var rætt kom sú skoðun fram að samiginleg forsjá væri líkast til ekki æskilegt úrræði nema báðir foreldrar séu reiðubúnir að undirgangast skyldur og ábyrgð sem því fyrirkomulagi fylgir. Núverandi fyrirkomuag gerir kröfu um slíka afstöðu – breytingartillagan ekki. Í því ljósi sé ekki víst að sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu verði í öllum tilvikum jákvæð frá sjónarhóli barnsins.

Laganefndin telur og rétt að benda á, að þótt hún hafi engar efasemdir um að hvatinn að baki breytingartillögunni sé umhyggja fyrir réttindum og hagsmunum barnsins, er varhugavert að rökstyðja breytingartillögunna með þeim hætti sem gert er í greinargerð, þ.e. með tilvísun í að reynsla síðustu ára sýni að æ fleiri foreldrar kjósi að fara sameiginlega með forsjá barna sinna og að það sé vísbending um að viðhorf foreldra til sameiginlegrar forsjár séu sífellt jákvæðari og að reynslan af þessu úrræði sé góð. Að mati laganefndar ber að fara varlega við að draga ályktanir af reynslu þeirra sem tekið hafa meðvitaða og ígrundaða afstöðu til sameiginlegrar forsjár þegar mælt er fyrir sameiginlega forsjá án þess að slík afstaða liggi fyrir. Með öðrum orðum telur nefndin ekki sjálfgefið að reynsla af sameiginlegri forsjá foreldra með barni *vegna þess að annað hafi ekki verið ákveðið* muni reynast eins góð. Það skal hér einnig nefnt að í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er í greinargerð tekið fram að verði tillagan lögfest aukist samræmi í löggjöf Norðurlanda á þessu sviði því í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð sé forsjá sameiginleg eftir skilnað foreldra nema annað sé ákveðið. Laganefndin saknar þess að í frumvarpinu sé gerð grein fyrir reynslu frændþjóða okkar af þessu fyrirkomulagi enda lagasamræmi á þessu sviði vart markmið í sjálfu sér.

Framangreinda umfjöllun ber ekki að skilja sem svo að laganefndin leggist gegn sam-

þykkt frumvarpsins í núverandi mynd heldur einvörðungu sem áminningu um nokkur atriði sem vert er að hafa í huga við breytingar á þessu mikilvæga réttarsviði sem snertir viðkvæm persónu- og fjölskyldumálefni.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður